

Fundargerð

216. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 4. nóvember 2020 kl. 13.30 (fjarfundur)

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til kynningar og samþykkt
2. Aðalfundur SHÍ og fyrirhugaður haustfundur heilbrigðisfulltrúa, yfirlit

Alfreð Schiöth framkvæmdastjóri fór yfir helstu umræðuefni aðalfundar, þ.e. væntanlega reglugerð um skráningarskyldu fyrirtækja og miðlæga þjónustugátt. Fyrirhugaður haustfundur heilbrigðisfulltrúa (fræðsla, samráð við Matvæla- og Umhverfisstofnun) verður í þremur lotum á fjarfundi.

3. Aðgerðaráætlun (skammtímaráðstafanir) vegna svifryks í Akureyrarbæ

Alfreð Schiöth framkvæmdastjóri kynnti hlutverk heilbrigðisnefndar varðandi gerð á viðbragðsáætlun gegn loftmengun á starfssvæði nefndarinnar. Eftirfarandi viðbragðsáætlun var samþykkt í heilbrigðisnefnd: Sjá fylgiskjal.

4. Fráveitumál, staða úrbóta hjá sveitarfélögum, stutt yfirlit

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi og Jóhannes Haukur Jóhannesson heilbrigðisfulltrúi kynntu stöðu mála í stuttu máli:

Dalvíkurbyggð: Góð staða, unnið er að uppsetningu á skólphreinsibúnaði og fyrir liggur góð útrás sem þjónar Dalvíkurbæ.

Hörgársveit: All góð útrás þjónar Hjalteyri, eftir að koma fyrir skólphreinsibúnaði.

Akureyri: Nýlega búið að taka í notkun öfluga útrás til sjávar og unnið að lokafrágangi við skólphreinsistöð; góð staða

Eyjafjarðasveit: Unnið að undirbúningi skólphreinsistöðvar fyrir Hrafnagilshverfi.

Svalbarðseyri: All góð útrás þjónar Svalbarðseyri, eftir að koma fyrir skólphreinsibúnaði.

Grenivík: Gerðar voru úrbætur á útrás norðan við höfn fyrir allmörgum árum, eftir að lengja aðra útrás (suður í fjöru) og koma fyrir skólphreinsibúnaði.

Húsavík: Góð staða varðandi nýlega útrás norðan við höfnina, eftir að gera úrbætur vegna skólps frá syðsta hluta bæjarins og frá sláturhúsi. Eftir að koma fyrir skólphreinsibúnaði.

Mývatnssveit: Unnið skv. metnaðarfullri úrbótaáætlun sem gerir ráð fyrir aðskildum svartvatns- og grávatnskerfum og flutningi á svartvatni í lokaða geymslu á Hólasandi og nýtingu svartvatns til uppgræðslu. Svartvatnsgeymsla

á Hólasandi er að verða tilbúin til notkunar. Við nýleg hótél eru skólphreinsistöðvar.

Kópasker: Þokkaleg útrás til sjávar, eftir að koma fyrir skólphreinsibúnaði og og lokuðu gor- og blóðvatnskerfi við sláturhús.

Raufarhöfn: Slæmt ástand, engar úrbætur hafa verið gerðar á gömlu fráveitukerfi og eftir að hanna lausnir.

Þórshöfn: Búið að vinna ákveðna hönnunarvinnu, en framkvæmdir ekki hafnar við úrbætur á gömlu fráveitukerfi.

Bakkafjörður: Ákveðin hönnunarvinna í gangi, engar úrbætur hafa verið gerðar á gömlu fráveitukerfi.

Heilbrigðisnefnd bendir á mikilvægi þess að öll sveitarfélög nái árangri í úrbótum á fráveitukerfum. Athygli er vakin á möguleika á að sækja stuðning til ríkisins vegna fráveitufamkvæmda. Fullnægandi fráveita er afar mikilvæg fyrir útivistarhagsmuni, ferðapjónustu, matvælavinnslur og samfélagið í heild.

5. Auto ehf, fyrirhugaðar þvingunaraðgerðir

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi skýrði frá stöðu mála varðandi athafnasvæði sem Auto ehf nýtir sér til geymslu á bifreiðum í misjöfnu ástandi og til hvaða þvingunarárræða er hægt að grípa til skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Eftirfarandi var bókað:

šHeilbrigðisnefnd samþykkir að lagðar verði á dagsektir að upphæð kr. 20.000,- á eiganda fasteigna og lóðar að Hamragerði 15 Akureyri; verði tiltekt á lóð ekki lokið fyrir 16. nóv. 2020.ö

Umsagnir:

1. Umsögn vegna mannvirkja Rifóss í Kelduhverfi Teikningar.
2. Deiliskipulagsbreyting Arnstapa Þingeyjarsveit.
3. Umsögn vegna breytinga á deiliskipulagi Rifóss í Kelduhverfi
4. Umsögn vegna kynningar á deiliskipulagi fyrir Pálsgarð og Útgarð á Húsavík
5. Umsögn / úttekt á húsnaði Framsýnar á Húsavík vegna breytingu á notkun
6. Umsögn vegna undanþágu frá banni við hundahaldi á Fosshóteli Húsavík og Mývatnssveit.
7. Umsögn vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði við Höfða og Ytrivoga í Mývatnssveit.
8. Umsögn vegna byggingar á eldishúsi á Röndinni Kópaskeri.
9. Umsögn vegna tillögu að deiliskipulagi á Hafnartanga Bakkafirði.
10. Umsögn til Skipulagsstofnunar vegna áforma um skógrækt í landi Ytri-Bægisár II í Hörgárdal

Jóhannes Haukur Jóhannesson heilbrigðisfulltrúi kynnti jákvæðar umsagnir undir lið 1 til 9 og Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti jákvæða umsögn undir lið 10.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Heimabakarí kt: 460901-3320 Garðarsbraut 15c Húsavík. **Samþykkt til 12 ára.**
2. Leyfi til að brenna bálköst Skógahlíð Reykjahverfi kt: 020463-5389 Helgi Þór Kárason. **Samþykkt.**
3. Sjúkraþjálfun Húsavíkur Miðhvammi Húsavík kt: 700481-0189. **Samþykkt til 12 ára.**
4. Rauðaskriða ehf kt: 450312-0610 641 Húsavík. **Samþykkt til 12 ára.**
5. Viðauki við starfsleyfi undanþáguheimild til að leyfa hunda á Fosshótel Húsavík, kt. 630169-2919. **Samþykkt til 12 ára.**
6. Norður Akureyri ehf, kt. 691107-2130, Tryggvabraut 22, 600 Akureyri, líkamsræktarstöð. **Samþykkt til 12 ára.**
7. Arctic Hydro hf, kt. 501115-1690, 5,5 MW vatnsaflsvirkjun í norðanverðum Fnjóskadal; Hólsvirkjun. **Samþykkt til 12 ára.**
8. Skeljungur hf kt. 590269-1749, Hörgárbraut, 603 Akureyri, endurnýjun á starfsleyfi fyrir bensínstöð. **Samþykkt til 12 ára.**
9. Guðmundur Gylfi Halldórsson kt. 180863-4439, Breiðabóli 606 Akureyri, endurnýjun á starfsleyfi fyrir vatnsveitu. **Samþykkt til 12 ára.**
10. Ektafiskur ehf kt. 621200-2750, Hauganesi, baðstaður (heitir pottar við sjóinn). **Samþykkt til 12 ára.**
11. Waterfront ehf/Gæludýr.is kt. 7101071490, Baldursnesi 8, 600 Akureyri, hundasnyrting. **Samþykkt til 12 ára.**
12. Gelt og Glimmer kt. 230375-4459, Furulundi 2a, 600 Akureyri, smáhundasnyrting. **Samþykkt með fyrirvara um afgangsskipulagsstjóra og fyrirvara um lokaúttekt.**
13. goHusky kt. 190370-5859, Glæsibæ 604 Akureyri, hundahald og sleðaferðir. **Samþykkt með fyrirvara um afgangsskipulagsstjóra og fyrirvara um lokaúttekt.**
14. YogaHofið ehf kt. 540920-1250, Sunnuhlíð 2, 603 Akureyri, yoga og hugleiðsla. **Samþykkt til 12 ára.**
15. Orðakaffi kt. 281090-3649 Brekkugötu 17 600 Akureyri, veitingasala, endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
16. Gistihúsið Skeið kt. 191171-2179, Skeið 621 Dalvík, gistipjónusta. **Samþykkt til 12 ára.**
17. Skútaberg ehf, kt. 510108-0350, Skútar Moldhaugnahálsi, efnisvinnsla úr klöpp í námu, þ.m.t. geymslusvæði v/efnisflutninga. Endurnýjun. **Afgangsskipulags frestað þar sem vinnu við gerð deiliskipulags er ólokið.**
18. Skútaberg ehf kt. 510108-0350, Sjafnarnesi 603 Akureyri, móttaka á múrbroti og gleri til úrvinnslu (samstarf við Akureyrarbæ). **Samþykkt til 12 mánaða.**
19. Steypustöð Akureyrar ehf, kt. 540208-1150, Sjafnarnesi 2, 603 Akureyri, steinssteypuframleiðsla. **Afgangsskipulags frestað þar sem ákvörðun um fyrirkomulag fráveitu liggur ekki fyrir.**
20. Fótaaðgerðarstofa Akureyrar kt. 141092-2789, Sunnuhlíð 12 603 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
21. BR tannlæknar slf kt. 630910-1290, Kaupangi v/Mýrarveg 600 Akureyri, tannlækningar, endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
22. Matlifun kt. 611020-0310, Garði 605 Akureyri, veitingarekstur sem selur forútbúna rétti til einstaklinga. **Samþykkt til 12 ára.**

23. Cobe ehf kt. 640519-2310, Gránufélagsgötu 4, 600 Akureyri, sjoppa, gos, sælgæti, orkudrykkir og nikótínþúðar. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
24. Hið nýja líf kt. 070267-3819 Sunnuhlíð 12 603 Akureyri, óhefðbundnar meðferðir, slakandi meðferðir, heilun, himnesk fótasæla og regndropameðferð. **Samþykkt til 12 ára.**
25. Samskip innanlandsdeild ehf kt. 710169-4629, aðilaskipti vegna aðstöðu á Akureyri, Dalvík og Þórshöfn. **Samþykkt til 12 ára.**
26. Norðurorka kt. 550978-0169, Rangárvöllum 603 Akureyri, kyndistöð v/Þórunnarstræti v/ólúbrennslu (varaafli), endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
27. Norðurorka kt. 550978-0169, Rangárvöllum 603 Akureyri, aðveitustöð Þingvallastræti, endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
28. Norðurorka kt. 550978-0169, Rangárvöllum 603 Akureyri, aðveitustöð Kollugerði, endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
29. Norðurorka kt. 550978-0169, Rangárvöllum 603 Akureyri, verkstæði (málmsmíðaverkstæði, rafmagnsverkstæði, verkstæði húsvarðar) ásamt lager, endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
30. Norðurorka kt. 550978-0169, Rangárvöllum 603 Akureyri, vatnsveita Akureyrar (20.000 manns), endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
31. Norðurorka kt. 550978-0169, Rangárvöllum 603 Akureyri, vatnsveita Kaupangssveitar (100 manns). **Samþykkt til 12 ára.**
32. Norðurorka kt. 550978-0169, Rangárvöllum 603 Akureyri, vatnsveita Hrafnagilshverfis (300 manns), endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
33. Norðurorka kt. 550978-0169, Rangárvöllum 603 Akureyri, vatnsveita fyrir Saurbæ, Sólgarð og nágrenni (10 manns), endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
34. Norðurorka kt. 550978-0169, Rangárvöllum 603 Akureyri, vatnsveita Garðsvíkur og Halllandsveita í Svalbarðsstrandarhreppi (500 manns), endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
35. Norðurorka kt. 550978-0169, Rangárvöllum 603 Akureyri, vatnsveita fyrir Hrísey (100 til 200 manns), endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
36. Norðurorka kt. 550978-0169, Rangárvöllum 603 Akureyri, vatnsveita Grímsey (10 til 100 manns). **Samþykkt til 12 ára.**

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.15

Jón Ingi Cæsarsson

Alfreð Schiöth

Anna Rósa Magnúsdóttir

Þorkell Björnsson

Lilja Guðnadóttir

Þórey Agnarsdóttir

Kristín Halldórsdóttir

Jóhannes Haukur Hauksson

Guðmundur Smári Gunnarsson

**Viðbragðsáætlun heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra
til að bæta loftgæði utandyra (skammtímaaðgerðir til
að draga úr loftmengun)**

Viðbragðsáætlun þessi er gefin út sem leiðsögn heilbrigðisnefndar til úrbóta ef og þegar þær aðstæður skapast að loftmengun geti haft neikvæð áhrif á lýðheilsu

Viðbragðsáætlun skal endurskoða ef verulegar breytingar verða á loftgæðum eða mengunarlági í Akureyrarbæ eða á Norðurlandssvæði eystra

Að mati heilbrigðisnefndar er aðkallandi að setja í forgang ráðstafanir til að draga úr svifryksmengun í Akureyrarbæ og að skima ástand m.t.t. svifryks víðar; sjá eftirfarandi áhersluatriði og leiðbeiningu:

1. Akureyrarbær og Vegagerð ríkisins stofni **viðbragðsteymi** sem fari með stjórn skammtímaaðgerða til að draga úr loftmengun. Önnur sveitarfélög stofni eftir þörfum hliðstæð viðbragðsteymi. Sveitarstjórn og Vegagerð ríkisins hrinda í framkvæmd skammtímaaðgerðum til að draga úr loftmengun og bæta umhverfisgæði. Heilbrigðisnefnd annast eftirlit með framkvæmd viðbragðsáætlunar og leggur mat á hvort aðgerðir hafi skilað árangri og endurskoðar viðbragðsáætlun eftir þörfum
2. Umhverfisstofnun og Akureyrarbær reka mælistöð á Akureyri og niðurstöður **svifryksmælinga** í Akureyrarbæ kalla mjög ákveðið á úrbætur að hálfu Akureyrarbæjar (gatnakerfi bæjarins) og Vegagerðar ríkisins (þjóðvegir gegnum Akureyrarbæ)
3. Heilsuverndarmörk helstu loftmengunarefna eru aðgengileg í töflu 1 á bls. 11 í handbók Umhverfisstofnunar fyrir sveitarfélög um viðbragðsáætlunir til að draga úr loftmengun (júní 2019), sjá meðfylgjandi handbók
4. Skammtímaaðgerðir þegar mælingar sýna of há svifryksgildi eða þegar líkur eru á að svifryksgildi muni hækka vegna aðstæðna (t.d. þegar götur koma óhreinar undan vetri og þorna) og veðurspár, **felast í að eiga möguleika á að rykbinda götur bæjarins hratt og örugglega**

Vænleg rykbindiefni eru CMA (Calcium Magnesium Acetate), Magnesíumklóríð (MgCl) eða salt (NaCl). CMA hefur þann kost

að virka vel, bæði sem hálkuvörn og rykbindiefni. CMA er umhverfisvænn valkostur og tærir ekki bíla og er þannig fyrsti valkostur vegna svifryksvandans í Akureyrarbæ.

Upplýsingar um CMA: <https://alumichem.com/products/ice-dust-away/>

Magnesíumklóríð og saltpækill eru einnig góðir valkostir, en hafa ekki sömu kosti og CMA hvað varðar umhverfisáhrif og tæringu

Til þess að geta rykbundið götur hratt og örugglega, þurfa að vera til staða viðeigandi innviðir, þ.e. birgðir af rykbindiefni, mannskapur og heppilegur tækjabúnaður

Mikilvægt er að hætta eða draga sem allra mest úr notkun jarðfna (mulnings) til hálkuvarna í Akureyrarbæ og nota í þess stað CMA eða önnur sambærileg efni

5. Reglubundinn og vandaður þvottur gatna dregur úr líkum á svifryksvanda og nauðsynlegt að eiga aðgang að viðeigandi tækjum og mannskap til að ná árangri
6. Gera þarf átak í því að fyrirbyggja að óhreinindi berist á götur með vörubílum og vinnuvélum af byggingar- og athafnasvæðum, þ.e. krafa um vandað verklag og þrif á tækjum og að verktakar þrifi upp eftir sig ef óhreinindi berast út á götur. Slík skilyrði má tengja útgáfu framkvæmdaleyfa sveitarfélaga
7. Minnt er á mikilvægi þess að koma á framfæri fræðslu og upplýsingu til bæjarbúa, fyrirtækja og stofnana um gildi þess að velja naglalaus vetrardekk frekar en nagladekk m.t.t. svifryks og lýðheilsu. Hugsanlega má beita hagstýringartækjum í samstarfi við ríkisvaldið til að hafa jákvæð áhrif (t.d. umhverfisgjald á nagladekk). Hvatt er til þess að almenningur nýti sér almenningsamgöngur í auknum mæli og nýti sér göngu- og hjólastíga og upplýsingu og fræðslu verið komið á framfæri
8. Til greina kemur að beita hraðatakörkunum og takmarka umferð þungra bifreiða í aðgerðum gegn svifryki. Í neyðaraðgerðum getur þurft að gefa út aðvaranir með hvatningu um að stunda ekki áreynslu utandyra nálægt miklum umferðargötum og halda börnum fjarri helstu umferðargötum. Ekki er forsvaranlegt að hvetja til að ganga eða hjóla ef til neyðarástands kemur

9. Heilbrigðisnefnd veður einnig athygli á mikilvægi þess að eiga aðgang að færanlegum svifryksmæli til að fylgjast með svifryki víðsvegar í Akureyrarbæ gagnert til að meta árangur af einstökum skammtímaaðgerðum og til þess að skima ástand í öðrum þéttbýlis- kjörnum. Eignarhald og rekstur á slíkum mæli gæti verið samstarfsverkefni Umhverfisstofnunar og stærri sveitarfélaga á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra

Fylgiskjal:

Handbók fyrir sveitarfélög um viðbragðsáætlanir til að draga úr loftmengun

Heilsuverndarmörk fyrir svifryk PM10 sem sólarhringsmeðaltal er 50 míkrogrömm /m³ og leyfilegur fjöldi skipta yfir mörkum ár hvert er 35, sjá töflu 1 í handbók

Upplýsingasíða um CMA (Calcium Magnesium Acetate):
<https://alumichem.com/products/ice-dust-away/>